

**Eiríkur Rögnvaldsson**

## **Fræðimaðurinn Konráð og íslenskan**

Góðir áheyrendur.

Ég ætla að tala hér um Konráð Gíslason og íslenskuna – hlut hans í þeirri endurreisn íslenskrar tungu sem oft er talað um að hafi orðið á fyrri hluta 19. aldar. En fyrst ætla ég að fara nokkrum orðum um fræðimanninn Konráð.

Fræðistörfum Konráðs má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi málfræðirit. Helsta rit hans á því sviði er *Um frum-parta íslenskrar tungu í fornöld*, en hann skrifaði einnig fjölda fræðilegra greina, m.a. um bragfræði. Í öðru lagi orðabókastörf. Hann samdi dansk-íslenska orðabók sem ég fjalla nokkuð um hér á eftir og á verulegan þátt – óvíst hversu mikinn – í íslensk-enskri orðabók sem jafnan er kennd við Richard Cleasby og Guðbrand Vigfússon. Í þriðja lagi útgáfa fornrita. Þar er merkust útgáfa hans á *Brennu-Njáls sögu* sem Svanhildur Óskarsdóttir talar um hér á eftir.

Hvernig fræðimaður var Konráð Gíslason?

Konráð var ákaflega nákvæmur, svo að ekki sé sagt smámunasamur. Um þetta má vitna til lýsinga í *Séð og lifað*, ævisögu Indriða Einarssonar systursonar hans, en hann var námsmaður í Kaupmannahöfn um tíma og kynntist vinnubrögðum Konráðs. Indriði segir:

Hann ritaði margar ritgerðir um íslenzku og jafnvel um einstök orð í íslenzku, og það er almennt sagt, að hvert efni, sem hann tók fyrir, væri alveg tæmt, þegar hann var búinn með ritgerðina.

Sem dæmi um þetta má nefna að í Njáluútgáfu hans er rúmlega 300 síðna kafli sem heitir „Njáll eller Níall“ þar sem hann er að velta fyrir sér hvort nafnið Njáll hafi verið eitt eða tvö atkvæði í fornu máli.

Ekki er síður athyglisverð lýsingin á aðferðum Konráðs við prófarkalestur. Indriði segir:

Ég kom til hans, þegar hann var að lesa prófarkirnar af Njálu. Hann fékk þrjár prófarkir af hverri örk. Lesmálið sjálft, sem var með stórum, skýrum stíl, las hann þrisvar í hverri próförk. Athugasemdirnar, sem voru með smáum stíl, las hann 10 sinnum í hverri próförk og gerði kross við fyrir hvern lestur. Hann las með þessu móti níu prófarkir á lesmálinu í Njálu, en 30 á athugasemdunum.

Líklega þætti flestum þetta nokkuð langt gengið, enda hafði þessi smámunasemi áhrif á afköst Konráðs; hann var óhemju seinvirkur. Orðabækur hans og útgáfur drógust sífellt á langinn, hann var alltaf að skrifa styrkveitendum sínum og launagreiðendum og óska eftir meira fé, og tilgreina nýjar lokadagsetningar sem aldrei stóðust. Sumir misstu þolinmæðina og hættu stuðningi við Konráð, sem leiddi til þess að ýmis verk sem hann vann að í mörg ár komu aldrei út. Önnur verk hans runnu inn í verk annarra án þess að hans væri þar að nokkru getið.

Þekktasta dæmið um það er *An Icelandic-English Dictionary* sem kom út 1874 – fyrsta íslensk-enska orðabókin sem samin var. Enskur auðmaður að nafni Richard Cleasby fékk áhuga á íslensku og réð Konráð til að semja íslensk-enska orðabók. Vegna dráttar á því verki missti Cleasby að lokum þolinmæðina og á endanum var það Guðbrandur Vigfússon sem gekk frá verkinu. Það er almennt talið að hlutur Konráðs í bókinni sé stór, en hversu stór er ekki hægt að segja nákvæmlega til um. Hans er þó hvergi getið í bókinni sem kennd er við Richard Cleasby og Guðbrand Vigfússon, eins og ég nefndi áður. Guðbrandur og Konráð voru – eða urðu – hatursmenn og allt þetta mál var tilefni þekktra orða Konráðs: „En maður á aldrei að fyrirgefa neitt.“

Það eru komin vel á annað hundrað ár síðan Konráð var að vinna fræðistörf sín og vitanlega hefur margt af því sem hann skrifaði úrelst á þeim tíma – fleiri og betri handritaútgáfur eru til, og síðari rannsóknir og fræðikenningar hafa breytt sýn manna á æði margt. En Konráð var mjög virtur málfræðingur á sinni tíð. Það má m.a. ráða af því að hann átti í bréfaskiptum við Jakob Grimm, annan hinna þekktu Grimms-bræðra sem ævintýrin eru kennd við, en Jakob var brautryðjandi samanburðarmálfræðinnar og einn fremsti málfræðingur heims á fyrri hluta 19. aldar. Í grein um Konráð í Skagfirðingabók 1991 segir Guðrún Kvaran að af skrifum Grimms sé ljóst að hann hafi litið á Konráð sem jafningja sinn í fræðilegum eignum. Það var ekki lítið afrek fyrir skagfirska sveitapiltinn.

En víkjum nú að þætti Konráðs í viðreisn íslenskunnar. Oft er vitnað í frægt bréf Rasmusar Christians Rasks til Bjarna Thorsteinssonar árið 1813 þar sem hann sagði:

Annars þjer einlæglega að segja held jeg, að íslenskan bráðum muni útaf deyja; reikna jeg, að varla muni nokkur skilja hana í Reykjavík að 100 árum liðnum, en varla nokkur í landinu að öðrum 200 árum þar upp frá, ef allt fer eins og hingað til *og ekki verða rammar skorður við reistar* – jafnvel hjá bestu mönnum er annaðhvert orð á dönsku; hjá almúganum mun hún haldast við lengst.

Samkvæmt þessu hefði íslenskan átt að vera horfin í Reykjavík fyrir rúmum 100 árum, 1913, en ætti enn eftir tæpa öld á einhverjum útnárum landsins. Stundum vísa menn í þennan spádóm með þeim orðum að þarna hafi Rask brugðist bogalístin því að íslenskan lifi enn góðu lífi um allt land. En þá gleyma menn fyrirvaranum í spádómnum – Rask spáði íslenskunni dauða ef „ekki verða rammar skorður við reistar“. Oft er sagt að koma Rasks til Íslands og orð hans og athafnir hér hafi orðið sú herhvöt sem þurfti til að Íslendingar hæfu endurreisn tungunnar, og iðulega er stofnun Hins íslenska bókmenntafélags fyrir réttum 200 árum, 1816, látin tákna upphaf þeirrar endurreisnar þótt það sé vitanlega einföldun.

Það er enginn vafi á því að Konráð hefur fengið traust málfarsuppeldi hjá foreldrum sínum. Gísli faðir hans var sískrifandi og tamdi sér stíl sem Jón Espólín hafði mótað með hliðsjón af fornsöggunum. Konráð hefur því þekkt vel íslenskar fornsögur og málfar þeirra. Á árum hans í Bessastaðaskóla var þar að vísu lítil bein íslenskukennsla. Hins vegar voru þar frábærir

kennarar, Hallgrímur Scheving í latínu og Sveinbjörn Egilsson í grísku, og þeir tóku upp nýja kennsluhætti. Í stað þess að láta skólapilta stauta sig í gegnum textana og þýða þá lásu þeir fyrir eigin þýðingar sem voru á vönduðu máli. Þar eru þýðingar Sveinbjarnar á Hómerskviðum vitanlega langþekktastar. Af þessu lærðu nemendur vandað mál og þessi kennsla hafði gífurleg áhrif á þróun íslenskunnar til frambúðar.

Í Kaupmannahöfn hóf Konráð útgáfu tímaritsins Fjöltnis eins og alkunna er, ásamt Jónasi Hallgrímssyni, Brynjólfi Péturssyni og Tómasi Sæmundssyni. Fjöltnir hafði frá upphafi það markmið að birta greinar á fögru og vönduðu máli. Yfirleitt er talið að Konráð hafi verið þar fremstur í flokki, og hafi lesið yfir allar greinar sem birtust í ritinu. Í minningargrein um Konráð sagði Björn M. Ólsen að aldrei, hvorki fyrr né síðar, hefði komið út neitt tímarit á íslensku með jafnvönduðu orðfæri og Fjöltnir. Eftir Sigurði Nordal er haft: „Það sem Jónas Hallgrímsson hefur skrifað og Konráð samþykkt, það kalla ég íslensku.“ Fjöltnismenn leituðust við að hafa áhrif á málið bæði beint, þ.e. með leiðbeiningum og aðfinnslum, og óbeint, þ.e. með því að vera fyrirmyndir um mál og stíl. Talið er að áhrif Fjöltnis á þessu sviði hafi verið geysimikil, og sagt hefur verið að hann hafi á stuttum tíma „útrýmt útlenskulegum lærdómsstíl úr bókum og sett alþýðlegan stíl í öndvegi“. (KGO)

Fyrsta meiriháttar ritsmíð Konráðs um íslenskuna er grein í öðrum árgangi Fjöltnis 1836, *Þáttur umm stafsetningu*. Að vísu stendur nafn hans ekki undir greininni en enginn vafi er á því hver höfundurinn er. Tilefnið er grein eftir Árna Helgason stiftsprófast í Görðum sem birtist í fjórða árgangi *Ármanns á Alþingi*. Greinin heitir „Leiðarvísir til að kenna börnum að lesa“. Í henni er að finna ýmsar athugasemdir um stafsetningu sem Konráð er ekki alls kostar sáttur við. Hann segir m.a.:

[...] jeg er sannfærður umm, [...] að besta ráðið, til þess að ljetta og laga lesturinn, verður að skrifa og prenta rjett. Að setja lestrinum reglur — án þess, er eínsog að seígja til, hvurnig beíta skuli ljánum í nabbapífi; enn að skrifa rjett, so það verði hægt að lesa, er að sínu leíti eínsog að eíða nöbbunum, so þar verði greíðfært og gott afsláttar. Þetta ollir því, ad hjer er ekki annað í vændum, enn eínfaldar greínir áhrærandi stafsetninguna; og verða þær bæði fáar, til þess að þreíta ekki lesandann, nema sem minnst, og sundurlausar, so þær verði þess auðveldari únglúngum og almúgamönnum, sem þær eru ætlaðar.

Konráð vill sem sé einfalda stafsetninguna og gera hana gagnsærri og léttu mönnum þannig lesturinn. Hann segir:

Eptir öllu því, sem hjer er sagt að undannförnu, vonar mig lesandanum liggi það í augum uppi, hvor jeg vil að sje — ekki aðalregla, heldur — *einkaregla stafsetningarinnar*; og er það *frammburðurinn*.

Í þessu felst að bókstafirnir eiga að vera jafnmargir og hljóðin í málinu, og til hvers hljóðs á að svara tiltekinn bókstafur. Konráði þótti talsvert skorta á að þessu væri fylgt í leiðarvísi séra

Árna, og leggur því til að nokkrir bókstafir séu felldir úr íslenskri stafsetningu en einum bætt inn í. Það er nefnilega eitt hljóð í málinu sem ekki á sér neinn sérstakan bókstaf – það er öng-hljóðs-g-ið, sem Konráð kallar „mjúkt g“ í orðum eins og *saga*. Það er annað hljóð en upphafs-hljóðið í *gala*, en er þó táknað með sama bókstaf og það er í andstöðu við þær reglur sem Konráð boðaði. Hann leggur því til að til að tákna g-hljóðið í *saga* sé notað *g* með lóðréttu striki yfir stafinn. Hins vegar vill hann fella brott *c* og *q* sem stundum voru notuð, og einnig *x* og *z*, vegna þess að þau standa ekki fyrir sérstök hljóð og eru því óþörf. Enn fremur vill hann fella brott *é* sem stendur fyrir *je*, svo og tvíhljóðstáknin *á*, *ó* og *æ* og skrifa í staðinn *aú*, *ou*, og *aí*.

Sú stafsetningarbreyting Konráðs sem setur mestan svip á textann er brottfall *y* og *y*. Hann veit að það muni mæta mikilli andstöðu og rökstyður það því mjög fimlega í löngu máli. Meðal þess sem hann tekur fyrir er sú röksemd að „*i* og *í* síni ekki ætt og uppruna orðanna, eins og *y* og *y* hafi gjert“. Konráð segir:

Því er ver, að þeir sem eru skinsamir í flestum hlutum – hvað þá aðrir – eru til með, að láta þettað villa sig. Þeim þikir fróðlegt, að sjá tvennt í einu, bæði hljóðið sjálft, og hvaðan það er sprottið ...; og má ekki í móti mæla, að það *er* fróðlegt. Enn þenna fróðleik er ekki stafsetningunni ætlað að kjenna, heldur annari tegund eða grein túngnafræðinnar, sem rekur ættir orðanna gjegnum öll mál, eins langt og komist verður. Enda væri slíkt ofötlun fyrir stafsetninguna. Það er hennar embætti, að sína hvor hljóðin *eru*; og meira gjetur hún naumast.

Þessi röksemdafærsla er mjög nútímaleg og sýnir vel að málvöndunar- og málhreinsunarmaðurinn Konráð gerði sér grein fyrir því að tungan stendur ekki og fellur með stafsetningunni eins og stundum mætti halda af umræðu um stafsetningarmál. Konráð var íhaldsmaður í málfari en mjög róttækur í stafsetningu í fyrstu. Fyrir honum er stafsetningin bara tæki til að koma tungunni á framfæri. Björn M. Ólsen segir í eftirmælum um Konráð:

Nýmælin miðuðu til verulegra bóta, og ef þau hefðu komizt á, mundu öll hin mörgu börn, sem síðan hafa lært að stafa á Íslandi, hafa átt allt að því helmingi hægra með að læra rétta stafsetning, og getað varið þeim tíma, sem þar við græddist, til að læra eitthvað þarfara en að gera greinarmun á *y* og *i*.

Þótt Konráð vildi að stafsetningin fylgdi framburðinum gerði hann sér grein fyrir því að slík breyting tæki tíma:

Þó er það fjarri mjer, að vilja nú þegar laga eptir henni allt það sem laga þirfti, þareð slík ummbreiting allt í einu mundi bæði þikja og vera heldur skindileg.

Hann gekk þó síðar enn lengra í átt til framburðarstafsetningar.

En stafsetning Konráðs sætti mikilli gagnrýni og varð með öðru til þess að afla Fjölni óvinsælda. Frá og með 7. árgangi árið 1844 neyddist Konráð til að hverfa frá henni og tók upp stafsetningu

sem í raun stríðir algerlega gegn ýmsum þeim rökum sem hann hafði áður fært fyrir framburðarstafsetningunni. Þessi stafsetning byggist að verulegu leyti á þeirri sem Rasmus Rask kom fram með í *Lestrarkverri handa heldri manna börnum* 1830 og er í grundvallaratriðum upprunastafsetning. Rask gerði í upphafi ekki mun á fornmáli og nútímamáli og leit svo á að íslenskan hefði lítið sem ekkert breyst, og það hefur væntanlega valdið því að hann miðaði stafsetninguna við uppruna orðanna en gerði sér ekki grein fyrir því hversu miklar framburðarbreytingar hefðu orðið. Væntanlega er Konráð meginhöfundur þeirrar stafsetningar sem Fjöltnir notar seinni árin. Halldór Kr. Friðriksson tók hana síðan upp og kenndi hana í Lærða skólanum. Hann var helsti og lengi vel eini íslenskukennari skólans í tæpa hálföld, og hafði því gífurleg áhrif. Þessi stafsetning er í grundvallaratriðum sú stafsetning sem við notum enn í dag, og því má segja að Konráð beri mikla ábyrgð á því hvernig við stafsetjum.

Það kann að virðast undarlegt hvernig Konráð sveiflast öfganna milli – aðhyllist fyrst framburðarstafsetningu og gengur sífellt lengra og lengra í henni, en snýr síðan algerlega við blaðinu, tekur upp stafsetningu byggða á uppruna og notar smátt og smátt meiri fyrnsku. En í raun og veru er þetta alveg í samræmi við eðli Konráðs. Hann var ekki hálfur í neinu. Fyrst ytri ástæður þvinguðu hann til að hverfa frá framburðarstafsetningunni vildi hann ganga eins langt í átt til upprunans og mögulegt væri.

En þótt áhrif Konráðs á yfirbragð ritmálsins séu þannig mikil eru áhrifin á orðfæri og stíl enn meiri. Hann skrifaði nokkra ritdóma í Fjölni á árunum 1843-1845. Þessir ritdómar eru óvenjulegir að því leyti að þeir fjalla minnst um efni ritanna, en aðallega um mál og stíl – hann finnur að því sem betur mætti fara að hans mati í stafsetningu, orðavali og setningaskipan. Björn M. Ólsen segir:

Hann leggur fyrst og síðast áherzlu á það, að orðfærið sé fagurt og hreint; málið er honum fyrir öllu. Enginn íslenskur ritdómari hefur nokkurn tíma verið jafnstrangur og hann í þessu efni, og enginn hefur vandað um það fyrir eða síðar með jafnmikilli þekkingu og tilfinningu fyrir því, hvað er fagurt mál og hreint.

Ritdómarinn Konráð er oft stóryrtur og hætt við að sumt sem hann skrifar þætti ekki við hæfi í ritdómum nú á dögum. Sem dæmi má nefna umsögn hans um kver sem kom út 1839 og bar titilinn *Ljóðasmámunir, samt Emilíu raunir, af Sigurði Breiðfjörð*. Nokkrum árum áður hafði Fjöltnir birt frægan ritdóm Jónasar um *Rímur af Tristran og Indíönu* eftir Sigurð, og ekki fer Sigurður betur út úr umsögn Konráðs sem segir:

Þetta nafn er mikjils til of stutt, því bókjin ætti reindar að heita: „*Lítillfjörlegur samtíningur af málleisum, böggumælum, dönskuslettum, hortittum, klaufalegum orðatiltækjum, smekkleisum og öðrum þess háttar smámunum – sumt frjálst og sumu stolið af Sigurði Breiðfjörð.*“

Konráð ténir síðan til fáein dæmi af hverju fyrir sig. Sumt af því sem hann finnur að í ritdómum sínum er nú horfið úr málinu, annað er enn notað en stundum amast við því, og enn annað þykir

fullgild íslenska. Meðal þess sem hann gerir athugasemdir við eru orðin *prísa* fyrir *vegsama*, *vanart* fyrir *ósiður*, *straff* fyrir *hegning*, *stríðsfólk* fyrir *hermenn*, *pláts* fyrir *rúm*, *bygging* fyrir *hús*, *álíta* fyrir *hyggja*, *ætla*, *offra* fyrir *færa fórn*, *brúkuð* fyrir *höfð*, *lærifaðir* fyrir *kennari*, *ungdómur* fyrir *ungmenni*, *börn* og orðasambandið *gefa til kynna* fyrir *láta í ljósi*. Fyrir *föðurland* vill hann hafa *ættjörð*, fyrir *duglegur* vill hann hafa *framtakssamur*, *framkvæmdasamur*, fyrir *dugnaður* vill hann hafa *framkvæmd*, *framtakssemi* og segir að *dugnaður* merki á íslensku ‚hjálp, aðstoð, liðsinni‘, og fyrir *læra* vill hann hafa *nema* og segir að *læra* merki í eldra máli ‚kenna‘.

Eins og áður var nefnt er dönsk-íslensk orðabók eitt helsta verk Konráðs. Hún er mikið verk, tæpar 600 blaðsíður með smáu letri og í stóru broti. Ein meginástæðan fyrir því að hann réðst í það verk var áhugi hans á að hreinsa íslensku af dönskum áhrifum og því leggur hann mikla áherslu á að finna orð í fornritum yfir þau dönsku orð sem hann er að þýða, í stað þess að taka dönsku orðin hrá upp eða gefa þeim íslenskara yfirbragð. Takist ekki að finna fornyrði velur Konráð oft að þýða danska orðið með heilli setningu og eru þýðingar hans ‚vanalega smellnar og rammíslenskar‘ segir Björn M. Ólsen. Sem dæmi má nefna *orthopædie* sem nú er venjulega þýtt sem ‚bæklunarlækningar‘ en Konráð þýðir ‚sú list að lækna hlykki eða beyglur á unglungum‘ og *flanesyge* er ‚löngun kvennmanns til að vera út um hvippinn og hvappinn‘. Stöku sinnum nefnir hann íslensk orð til að finna að þeim, en oftast verður að ráða álit hans af því hvaða orð hann tekur með í bókina.

Orðabókin er líklega mikilvægasta framlag Konráðs til málhreinsunar og sagt hefur verið að engin bók sem út kom á 19. öld hafi átt jafnmikinn þátt í að útrýma dönskuslettum. Það er kannski erfitt fyrir nútímamenn að átta sig á áhrifamætti bókarinnar. En hér verður að hafa í huga að þetta var fyrsta orðabókin með þýðingum úr erlendu máli á íslensku, ef frá er talið kver Gunnlaugs Oddssonar frá 1819. Á áratugunum eftir 1830 var mikil gerjun í samfélaginu. Útgáfa blaða og tímarita á íslensku stórkjókst, svo og bókaútgáfa. Þessu fylgdi að farið er að rita um ýmis efni sem aldrei hafði verið fjallað um áður á íslensku, og því skorti sárlega orðaforða. Þá hætti mönnum til að grípa til danskra orða. Í ‚Ágripi af ræðu áhrærandi íslenskuna‘ sem Konráð flutti í Kaupmannahöfn 1837 og var prentuð í Fjölni talar hann af lítilsvirðingu um þá ‚sem halda, að einu gildi, hvernig þeir fara með íslenskuna, og bæta hana og staga með bjöguðum dönskuslettum, í orðum og talsháttum, greinum og greinaskipan – af einberri heimsku og fákunnáttu‘.

Það má segja að áhrif þeirrar stefnu sem Konráð hafði við orðskýringarnar hafi verið tvenns konar. Annars vegar bein, þar sem hann benti á eða bjó til íslensk orð fyrir mikinn fjölda hugtaka sem áður áttu sér engin íslensk orð, og þar sem menn höfðu iðulega notað dönsk orð í staðinn. Hins vegar eru óbeinu áhrifin sem fólust í því fordæmi sem hann gaf. Hann sýndi að það var óþarfi að taka upp dönsk orð yfir ný hugtök, heldur var hægt að finna eða búa til íslensk orð. Í áður nefndu ‚Ágripi af ræðu áhrærandi íslenskuna‘ segir hann:

Það er alkunnugt, hvað hægt er að búa til ný orð á íslenzku, bæði samfellinga og alls konar nýgjörvinga. Og hvað er það, sem heimspekingarnir þurfa mest á að halda til að geta komið orðum að því, sem þeir hugsa – eru það ekki ný orð handa nýjum hugmyndum? Hvað er það annað en þessi frjövsemi málsins, sem íslenzkan hefur til að bera meir en flest önnur mál?

Líklegt má telja að þetta hafi haft áhrif á þá sem fengust við að skrifa á íslensku og vantaði orð – þeir hafi fremur en áður reynt að forðast dönsk tökuorð og slettur en leitast við að finna íslensk orð í staðinn.

Það fer vel á því að enda þetta spjall með þekktri ástarjátningu Konráðs til móðurmálsins, sem birtist í bókarfregni í Fjölni 1844:

Málið, sem menn hafa fram yfir skynlausar skepnur, er svo góð og fullkomin gjöf, að sá er enginn menntaður í raun og veru, sem ekki metur það mikils og vill fara vel með það; og þegar einhver þjóð gjörir lítið úr því, þá má eiga það víst, að allur hennar hagur er fjarlægur því, sem hann ætti að vera, eins og líka reynslan sýnir, hvar sem að er gáð; því ein framförin verður jafnan annari samfara. Málið er þar að auki höfuðeinkenni hverrar þjóðar, og það er ekki einskis vert, hvort því fer fram eða aptur, hvort það er ljótt eða fagurt, og fegurð málsins er ekki komin undir því einu saman, hvernig það er gjört af guði og mönnum fyrir öndverðu; því ekkert vatn er svo tært, að eigi spillist, þegar það rennur í saurugum farveg — en farvegur málsins er hugur þjóðarinnar, sem talar það og ritar. Á hverju er þá von af máli voru? Þjóðerni vort, sem einkanlega er fólgið í málinu, hefur verið troðið undir fótum, og hörmulega saurgað og svívirt, margar aldir í sífellu. Hversu lengi á slíku fram að fara? Hversu lengi eigum vjer að níðast á sjálfum oss og öllu því, sem oss ætti að vera dýrmætast hjer í heimi?

Hvert er þetta ljós, degi bjartara og sólu varmara, sem skín yfir lönd og lýði, og sýnir mönnunum, að þeir eru menn, en ekki skynlaus kvikindi? Hvað er það annað enn málið, óskabarn mannlegs anda? Og sje nokkur sá, að minnsta kosti í menntaðra manna tölu, að einu gildi, hvernig málið er og hvernig með það er farið — er honum þá ekki nærri því ofnefni, að heita maður?